



Fundargerð

419. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.
Miðvikudaginn 11. apríl 2018 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson oddviti (VP), Karl Kristjánsson (KK) varaoddviti, Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 5 blaðsíður

Oddviti bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust og var samþykkt samhljóða að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál, var þá gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 418. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 8. mars 2018.

Farið yfir fundargerðina, lagt er fram endurskoðað erindisbréf vegna stofnunar ungmennaráðs í Reykhólahreppi sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur yfirfarið. Sveitarstjórn samþykkir að stofna ungmennaráð í sveitarfélaginu og fela því að vinna skv. erindisbréfi. Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Skipulags - húsnaðis- og hafnarnefnd 9. apríl 2018.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 1708019 - Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 vegna vegagerðar á Vestfjarðarvegi (60).

Sveitarstjórn samþykkir að láta gera óháð mat, eins og fram kemur í bókun skipulagsnefndar, það verði þó ekki til þess að fresta skipulagsvinnunni, heldur vinnist matið samhliða. Samþykkt með þremur atkvæðum VP, KK og ÁBG gegn tveimur atkvæðum ÁMG og SRB.

ÁMG og SRB vildu láta bóka eftirfarandi.

Það vekur furðu að formaður skipulagsnefndar leggi fram tillögu um öflun frekari gagna á þessum tímapunkti, eftir að hafa haft málið í nefndinni undanfarna mánuði og eftir að sveitarstjórn hefur tekið ákvörðun um að velja leið Þ-H.

Sveitarstjórn beinir því til skipulagsnefndar að afgreiða skipulagstillöguna áfram. Samþykkt samhljóða.

2.2 1802002 - Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis við Tröllenda í Flatey.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.3 1803013 - Viðhalds- og viðgerðarþörf Reykhólshafnar.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.4 1803021 - Endurskoðun aðalskipulags Vesturbyggðar, skipulagslýsing.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlagða lýsingu, vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Vesturbyggðar. Samþykkt samhljóða.

2.5 1709017 - Upptaka á sjónvarpsefni í Flatey.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.6 1804003 - Framlenging sjóvarnargarðs frá höfn að lóð Tröllenda 2 í Flatey.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

3. Stjórn Barmahlíðar 4. apríl 2018.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn samþykkir að láta framkvæma úttekt á hluta pípulagna á hjúkrunarheimilinu sem þarfnast viðhalds og endurnýjunar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

4. Dreifbýlisnefnd 23. mars 2018.

Farið yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn þakkar fulltrúum í dreifbýlisnefnd störf þeirra á kjörtímabilinu og tekur undir með nefndinni að full ástæða er til þess halda áfram sömu vegferð á nýju kjörtímabili. Samþykkt samhljóða.

5. Verkfundur vegna lagningar ljósleiðara 5. mars 2018.

Farið yfir fundargerðina.

6. Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar, 26. mars 2018.

Farið yfir fundargerðina.

Í fundargerðinni leggur svæðisskipulagsnefnd til að tillaga að svæðisskipulagi ásamt umhverfisskýrslu verði samþykkt skv. 25. gr. skipulagslaga og 9. gr. laga um umhverfismat áætlana, að gerðum þeim lagfæringum sem lýst er í fundargerð nefndarinnar. Með vísan í 3. mgr. 25. gr. skipulagslaga og 1. mgr. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana samþykkir sveitarstjórn svæðisskipulagið og umhverfisskýrsluna og felur skipulagsnefnd að senda gögnin til Skipulagsstofnunar til staðfestingar. Samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1607016- Ljósleiðari um Reykhólahrepp.

1.1 Viðskiptaskilmálar og gjaldskrá.

Lagðir eru fram viðskiptaskilmálar vegna tengingar við ljósleiðara og gjaldskrá. Gjald vegna tengingar við ljósleiðara miðast við áskrift og er innheimt mánaðarlega.

Mánaðargjald pr. notanda kr. 2.900.- án vsk.

Mánaðargjald fjarskiptafélaga, flutningur þjónustu um heimtaugar kr. 3.500 án vsk.

Allar skemmdir sem kunna að vera gerðar á ljósleiðaranum eða búnaði tengdum honum skulu að fullu greiddar af þeim sem tjóninu veldur.

Allur kostnaður vegna lokunar og opnunar tenginga vegna vanskila greiðist af notanda.

Viðskiptaskilmálar og gjaldskrá samþykkt samhljóða.

1.2 Lagning ljósleiðara að Borg.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að leggja ljósleiðara að Borg í stað upphaflegrar áætlunar um örbylgjusendingu yfir Króksfjörð. Þó nokkur sumahús eru á leiðinni sem gætu þá átt frekari möguleika á að tengjast kerfinu. Samþykkt samhljóða.

1.3 Breyting á lagnaleið gangvart bústöðum í Berufirði.

Breytingar urðu á upphaflegri lagnaleið frá Berufirði að Kinnarstöðum. Lagnaleið átti upphaflega að fara með þjóðvegi, en fer þess í stað um land Berufjarðar og sunnan við Berufjarðarvatn að Kinnarstöðum. Samþykkir sveitarstjórn að þeir umsækjendur um ljósleiðara sem sóttu um fyrir ákvörðun um breytingu lagnaleiðar, og áhrif breytingarinnar varð lenging lagnaleiðar að sumahúsi, þurfi ekki að taka á sig frekari gjöld sem nemur breytingunni, enda hafi ákvörðunin stýtt leiðir að öðrum eignum í Berufirði. Samþykkt samhljóða.

2. 1708001 - Þórisstaðir, nýlagning vegar, land undir vegsvæði og tillaga að bótum fyrir land.

Erindi frá Lögmönnum Höfðabakka dagsett 23. mars 2018.

Sveitarstjórn telur ekki tímabært að taka erindið til afgreiðslu, fyrr en framkvæmdaleyfi hefur verið gefið út fyrir framkvæmd á Vestfjarðarvegi (60). Samþykkt með fjórum atkvæðum. ÁMG situr hjá.

3. 1801006 - frumvörp og þingsályktanir frá nefndarsviði Alþingis.

- 3.1 Þingsályktun um aðgengi að stafrænum smiðjum, 236. mál.
- 3.2 Frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu (réttur til einbýlis og sambúðar við maka á öldrunarstofnunum), 178. mál.
- 3.3 Frumvarp til laga um Þjóðskrá Íslands, 339. mál.
- 3.4 Frumvarp til laga almenn hegningalög (bann við umskurði drengja), 114. mál.
- 3.5 Þingsályktun um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegar. 169. mál.
- 3.6 Frumvarp til laga um lögheimili og aðsetur, 345. mál.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við ofangreind frumvörp og þingsályktanir. Samþykkt samhljóða.

4. 1803022 - Sóknaráætlun Vestfjarða, samningur um styrk 2017.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

5. 1804001 - Styrkumsókn til EBÍ.

Vegna útgáfu bókar Ævars Petersen um örnefnaskráningar í Flatey.

Sveitarstjóri fór yfir málefni fundar sem fulltrúar í samráðshóp um verndarsvæði í byggð og Framfarafélagi Flateyjar áttu með Ævari Petersen fuglafræðingi. Ævar hefur tekið saman örnefni í Flatey yfir langt tímabil og sett upp rit sem nú er tilbúið til prentunar.

Sveitarstjórn samþykkir að freista þess að fá styrk í verkefnið frá styrktarsjóði EBÍ og felur sveitarstjóra að sækja um í sjóðinn í ár. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

6. 1708019 - Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006- 2018 vegna vegagerðar um Vestfjarðarveg (60), hrós til varaoddvita Reykhólahrepps.

Erindi frá Ungum umhverfissinum dagsett 16. mars 2018.

Lagt fram og kynnt.

7. 1803022 - Umsagnir Fjórðungssambands Vestfirðinga.

- 7.1 Umsögn við mál nr. 115 um breytingu á raforkulögum og lögum um stofnun Landsnets breyting.
- 7.2 Umsögn við mál nr. 178, tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.
- 7.3 Umsögn um 45. mál, tillögu til þingsályktunar um samræmingu verklags um fjarfundi á vegum ráðuneytisins.

Lagt fram og kynnt.

8. 1802005 - Fundargerð verkefnahóps Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks 28. febrúar 2018.

Fundargerð lögð fram og kynnt.

9. 1801003 - Fundargerð 858. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram og kynnt.

O

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

- 10. 1708019 - Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps vegna Vegagerðar um Vestfjarðarveg (60) - Boð um að styrkja hlutlausa rýni á vegkostum fyrir Vestfjarðarveg (60) um Gufudalssveit.**
Erindi frá Sigurður Gísla Pálmasyni og Jóni Pálmasyni dagsett 11. apríl 2018.

Sveitarstjórn samþykkir að ræða við ofangreinda aðila um kostun á hlutlausri rýni á leiðum fyrir Vestfjarðarveg (60) um Gufudalssveit, samþykkt með þremur atkvæðum KK, VP og ÁBG gegn tveimur atkvæðum ÁMG og SRB.

11. 1804004 - Almennur íbúafundur.

Fram hefur komið tillaga frá tómstundafulltrúa um að halda almennan íbúafund í lok kjörtímabilsins og fara yfir farinn veg og verkefni framundan.

Sveitarstjórn tekur vel í hugmyndina og felur tómstundafulltrúa að sjá um undirbúning fundar. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19:10
